



174. fundur skólanefndar Fjölbrautaskóla Suðurlands haldinn í Odda 10. sept 2013 kl. 09:30.

Mætt: Andrés Rúnar Ingason (varamaður Sigprúðar Jónsdóttur), Eydís Þ. Indriðadóttir, Haraldur Eiríksson, Hilmar Björgvinsson (varamaður Jóns Hjartarsonar), Jón G. Valgeirsson, Olga Lísa Garðarsdóttir, Rakel Lind Úlfhéðinsdóttir, Sandra D. Gunnarsdóttir, Þórarinn Ingólfsson og Ægir Pétur Ellertsson. Sigprúður Harðardóttir boðaði forföll.

Sandra formaður skólanefndar setti fundinn.

Dagskrá:

1. Upphaf haustannar 2013

Skólameistari fór yfir helstu breytingar í upphafi haustannar og gerði meðal annars grein fyrir starfsmannamálum sem og húsnæðismálum.

- Rætt var um framkvæmdir vegna viðbyggingar við Hamar. Ekkert er að gerast í þeim málum. Skólameistari lagði fram ályktun, varðandi drátt á framkvæmdum vegna viðbyggingar, sem samþykkt var og ákveðið að senda til ráðherra sem og þingmanna Suðurlands.
- Nýjar skólasóknarreglur voru ræddar og komu fram mismunandi sjónarmið hjá fundarmönnum vegna vottorða.
- Rætt var um nemendagarða og stöðuna þar á bæ. Fullt er á nemendagörðunum í upphafi haustannar.
- Reynt var að bjóða upp á meistaranám fyrir iðnsveina, en það gekk ekki vegna ónógrar þátttöku.

2. Rekstrarstaða við upphaf skólaárs

Haraldur Eiríksson fjármálastjóri gerði grein fyrir stöðu fjármála. Það kom fram í máli hans að skólinn er nokkurn veginn á réttu róli, aðeins í mínus. Stærsti útgjaldaliður skólans er launaliðurinn.

3. Önnur mál :

- **Styrkveitingar**
Skólinn hefur fengið nokkra styrki vegna vinnu að námskrármálum. Unnið verður með öðrum framhaldsskólum að þessum námskrám.
- **Ráðning kennara í viðskiptagreinar**
Olga Lísa gerði grein fyrir ráðningu kennara í viðskiptagreinar og vandamálum tengdum þeirri ráðningu.
- **Flokkun úrgangs**
Skólameistari sagði frá fyrirhugaðri flokkun úrgangs sem verður þrískipt í skólanum og á að fara af stað af fullum krafti næstu daga.
- **Rafræn greiðsla og pöntun í mötuneyti**
Skólameistari útskýrði hvers konar fyrirkomulag verður á greiðslu fyrir mat í mötuneytinu. Nemendur verða með kort sem þeir nota til þess að greiða fyrir matinn.



FJÖLBRAUTASKÓLI SUÐURLANDS

Tryggvagötu 25 • 800 Selfoss • Sími 480 8100 • Fax 480 8188 • Kennitala 491181-0289 • Netfang fsu@fsu.is • Veffang www.fsu.is

Hægt verður að leggja inn á kortið fyrirfram í gegnum Innu. Sama kort verður hægt að nota í tengslum við nemendaráð.

○ **Ályktun frá 13. mars 2013**

Engin viðbrögð hafa komið frá ráðuneyti eða þingmönnum Suðurlands vegna ályktunar sem send var frá skólanefnd 13. mars 2013. Formaður skólanefndar kom með þá áskorun að ýtt verði á eftir innihaldi ályktunarinnar. Jón G Valgeirsson og Eydís Þ Indriðadóttir ætla að taka málið upp á fundi með fjárlaganefnd.

○ **Nemendaráð**

Rakel Lind Úlfhédinsdóttir formaður nemendaráðs sagði frá félagslífi nemenda og hvað væri framundan.

○ **Fundargerð**

Fundargerð síðasta fundar skólanefndar var samþykkt og undirrituð.

Næsti fundur er fyrirhugaður 26. nóvember

Fundi slitið kl. 11:05
Fundarritari,
Þórarinn Ingólfsson